

Aðalfundur Ferðafélags Rangæinga (FFRANG)
25. júní 2024

Þriðjudaginn 25. júní kl. 18.00 var í Safnaðarheimilinu á Hellu haldinn aðalfundur FFRANG vegna starfsársins 2023. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti í samræmi við 5. gr. laga félagsins.

Ágúst Sigurðsson, forseti félagsins, setti fundinn og stakk upp á að Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir yrði kjörin fundarstjóri og Helgi Jóhannesson, fundarritari. Var það samþykkt. Forseti bauð Ólöfu Kristínu Sívertsen, forseta Ferðafélags Íslands og hennar eiginmann Sævar Kristinsson sérstaklega velkomin á fundinn.

Jóhanna Lilja tók við fundarstjórn.

Gengið var til dagskrár aðalfundar skv. 5. gr. laga félagsins.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Forseti félagsins flutti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2023, sem var annað starfsár félagsins. Fór hann yfir helstu verkefni félagsins og ferðir á sl. ári en starfsemi félagsins hefur verið mjög blómleg og aðsókn í ferðir góð. Forseti benti á að skýrsla stjórnar væri aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Skráðir félagar um áramót voru um 200 talsins.

Ferðanefnd félagsins var sérstaklega lofuð fyrir fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

2. Samþykkt ársreiknings félagsins vegna liðins árs.

Björn Ingi Jónsson, gjaldkeri félagsins, er fjarverandi og kynnti forseti félagsins reikninga félagsins vegna starfsársins 2023 í hans stað. Voru reikningarnir samþykktir. Reikningar félagsins eru einnig aðgengilegir á heimasíðu félagsins.

3. Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

4. Stjórnarkjör.

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn félagsins.

Ágúst Sigurðsson, til embættis forseta félagsins, kjörinn til eins árs
Björn Ingi Jónsson og Sigríður Theodóra Kristinsdóttir, í stjórn félagsins, kjörin til tveggja ára.

Áfram sitja í stjórn þau Emilía Sturludóttir og Helgi Jóhannesson sem bæði voru kjörin til tveggja ára á síðasta aðalfundi.

Í varastjórn:

Rósa Hlín Óskarsdóttir og Sigurður Þór Þórhallsson, bæði kjörin til eins árs.

Engin frekari framboð komu fram og var því tillaga uppstillinganefndar samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna.

Þorbergur Albertsson og Sigríður Karólína Viðarsdóttir voru endurkjörin endurskoðunarmenn félagsins.

6. Ákvörðun árgjalds.

Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að árgjald 2024 verði óbreytt frá fyrra ári, kr. 8.500. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

Undir liðnum önnur mál gæddu fundarmenn sér á glæsilegum veitingum sem fundarstjóri útbjó fyrir fundinn. Þá vakti fundarstjóri athygli fundarmanna á árbók FÍ sem liggur frammi fyrir fundarmenn.

Þá steig í pontu, Ólöf Kristín Sívertsen, forseti FÍ og ávarpaði fundinn. Fram kom í hennar máli að það vakti athygli hvað starfsemi FFRANG væri blómleg og ferðir í boði spennandi. Þá fór Ólöf yfir helstu þætti í starfsemi Ferðafélags Íslands, þ.e. helstu hreyfiverkefni, samstarf við ýmsa aðila og framkvæmdir á vegum félagsins. Það stærsta í því efni er fyrirhuguð endurbygging á Skagfjörðsskála í Langadal í Þórsmörk.

Forseti FFRANG steig í pontu. Þakkaði hann Jóhönnu Lilju fyrir vel unnin störf í stjórn félagsins. Þá þakkaði hann forseta FÍ og hennar maka einnig sérstaklega fyrir komuna og sleit fundi kl. 18.55.



Fundarritari